

Fundargerð 151. fundur stjórnar Fræðslusjóðs

Haldinn mánudaginn 17. ágúst 2026 10:00 - 16:00

Fundurinn var staðfundur og haldinn hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins,
Skiopholti 50b.

Auk hefðbundins stjórnarfundar voru ÍÐAN fræðslusetur og Rafmennt heimsótt.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir, formaður, Nanna Kristjana Traustadóttir, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Karl Rúnar Þórsson, Maj-Britt Hjördís Briem, Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir.

Margrét Sigurðardóttir og Helga Kristín Kolbeins boðuðu forföll.

Dagskrá

10:00 - 13:40

1. Breyting á stjórn

Formaður upplýsti að mennta- og barnamálaráðuneytið hefði gert breytingar á stjórn Fræðslusjóðs samkvæmt nýju skipunarbréfi dags. 14.08.2026. Gylfi Jónu Arnbjarnarson gengur úr stjórn sem aðalfulltrúi og tekur Hulda Anna Arnljótsdóttir hans sæti, en hún var áður varaformaður. Nanna Kristjana Traustadóttur tekur sæti Huldu Önnur Arnljótsdóttur sem varaformaður.

Formaður bauð Nönnu Kristjönu velkomna og þakkaði Gylfa fyrir góð störf.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og verður send fundarmönnum til rafrænnar undirritunar.

Vegna athugasemda varaformanns við lið 5 í fundargerð 150. fundar, um rafrænt umsýslukerfi fyrir raunfærnimat, þá óskaði formaður eftir fundi í mennta- og barnamálaráðuneytinu til að fara yfir og fá svör við spurningum sem vöknudú í kjölfar þessarar athugasemda.

Fundurinn var haldinn 25. júní sl. og með formanni fóru á fundinn Maj-Britt Hjördís Briem stjórnarmaður í FA og Sara Dögg Svanhildardóttir formaður stjórnar FA.

Formaður lagði fram minnisblað og gerði stjórn grein fyrir þeim umræðum sem fram fóru á fundinum.

3. Endurúthlutun

Fjármálastjóri fór yfir stöðuna. Samkvæmt ársreikningi 2025 er handbært fé í árslok rétt rúmar 5,7 milljónir og hefur þá verið tekið tillit til endurgreiðslna við uppgjör í árslok.

Vinnu við uppgjör á framkvæmd raunfærnimats í lok samningstíma um mitt ár 2026 er ekki að fullu lokið, en fyrstu tölur benda til þess að ekki verði umtalsverðum upphæðum skilað. Í ljósi þessa lagði fjármálastjóri til að ekki yrði viðbótarúthlutun að þessu sinni.

Fyrr á árinu hafði Mennta- og barnamálaráðuneytið upplýst að veitt yrði 60 milljónum til sjóðsins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Gengið hefur verið frá úthlutun á því fjármagni, sbr. fundargerð 150. fundar. Ráðuneytið á eftir að ganga frá samningi við FA um greiðslur vegna þessa, en gert er ráð fyrir að það klárast innan skamms.

Afgreiðsla: Tillaga fjármálastjóra FA um að ekki yrði um endurúthlutun að ræða í ár var samþykkt. Fræðsluaðilar verða upplýstir um afgreiðsluna.

4. Endurskoðun skilmála um framlög til kennslu - Vinnudagur / hópavinna.

Framhald frá vinnu er hófst á síðasta fundi. Farið var yfir stærstu þætti skilmála- og úthlutunarreglna sjóðsins eins og þær eru í dag. Í framhaldinu var stjórn skipt upp í tvo hópa.

Hóparnir fengu það verkefni að skoða: *Skilgreiningu á markhópnum, Samstarf fræðsluaðila, Fjölda þátttakenda og Reiknilíkan á framlagi og uppgjöri.*

Vinnu verður framhaldið á næsta fundi stjórnar.

5. Önnur mál

a. Umsóknir 2027

Fræðsluaðilum hafa verið send umsóknareyðublöð vegna umsókna um kennslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat á árinu 2027. Umsóknarfrestur er til 13. september. Stefnt er að því að hægt verði að kynna umsóknir á næsta fundi.

Matur hjá FA

14:00 -15:00

Heimsókn til IÐUNNAR fræðsluseturs

15:00-16:00

Heimsókn til Rafmenntar.

Fræðsluaðilum er þakkaðar góðar móttökur og að veita stjórn góða innsýn inn í starfsemina.